

Alþingi

Erindi nr. Þ

136/1479

komudagur

25.3.2009

From: gunnar.n.gunnarsson@dkm.stjr.is [mailto:gunnar.n.gunnarsson@dkm.stjr.is]

Sent: 20. mars 2009 09:23

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Cc: bryndis.helgadottir@dkm.stjr.is

Subject: Re: FW: Frv. Atla Gísla um vændis kaup

342. mál

Sæl Elín Valdís.

Eftir að hafa skoðað betur 2. mgr. 1. gr. frv. og 4. mgr. 202. gr. hgl. í samráði við nefndarmenn í refsiréttarnefnd sést að það er ákveðin munur á ákvæðunum sem felst í því að í hgl.ákvæðinu er mælt fyrir um refsinaemi þess að greiða barni undir 18 ára endurgjald fyrir samræði etc. en frv.ákvæðið nær [einnig] til þess þegar þriðja aðila er greitt fyrir slíkt. Ákvæðin fjalla þó efnislega um sama hlutinn, sem gengur ekki. Tvær leiðir koma því til greina:

1. Frumvarp Atla o.fl. standi óbreytt en þá verði 4. mgr. 202. gr. felld brott, eða
2. Breyta 4. mgr. 202. gr. hgl. svona: Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi gegn því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára skal sæta fangelsi allt að tveimur árum.

Þá telja ftr. refsiréttarnefndar eðlilegt að samræmi verði á framsetningu og orðavali í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 202. gr. Til dæmis myndi 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins þá geta orðast svona: Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

kv. GNG

Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur / Legal Expert, Legal Affairs
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, lagaskrifstofa / Ministry of Justice and Ecclesiastical Affairs